

Hafnarfjarðarbær
Berglind Guðmundsdóttir
Strandgötu 6
220 HAFNARFJÖRÐUR

Garðabær, 22. ágúst 2023
Málsnúmer: 202308-0006
LA/SS

Efni: Umsögn um tillögur að breytingum á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar og annarra skipulagsáætlana vegna framkvæmda við Straumsvík

Erindi barst frá Umhverfis- og skipulagssviði Hafnarfjarðar dags. 25. júlí 2023, þar sem vakin er athygli Náttúrufræðistofnunar á auglýstri Aðalskipulagsbreytingu hjá Hafnarfjarðarbæ, ásamt deiliskipulögum og breytingum sem tengjast skipulagsmálum í Straumsvík. Erindið barst eftir að auglýsingatíma var lokið, en óskað er eftir athugasemdum Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér meðfylgjandi skipulagsgögn sem snúa að

- tillögu að breytingu á Aðalskipulagi
- deiliskipulagi Straumsvíkurhafnar
- nýtt deiliskipulag fyrir Rauðamelsnámu
- deiliskipulag iðnaðarsvæðis á Kapelluhrauni
- matsskyldufyrirspurn vegna breytinga á Straumsvíkurhöfn

Náttúrufræðistofnun hefur áður gefið umsagnir til Skipulagsstofnunar, í maí s.l. vegna matsáætlunar um landfyllingar í Straumsvík og efnistöku í Rauðamelsnámu, og í desember 2022 um matsáætlun Coda Terminal. Vísað er í þær umsagnir fyrir athugasemdir um framkvæmdir sem þar eru til umfjöllunar (sjá má umsagnirnar á vef Náttúrufræðistofnunar <https://www.ni.is/is/stofnunin/radgjof/umsagnir>).

Stofnunin gerir eftirfarandi athugasemdir.

Náttúrufræðistofnun ítrekar að fyrir alla fjóra áfanga uppbyggingar Straumsvíkurhafnar sé mikilvægt að meta heildaráhrif framkvæmda á umhverfið þar sem um eru að ræða stórtækar framkvæmdir með óafturkræfu raski á náttúruminjar, bæði í sjó og á landi. Heildarstærð hafnarinnar gæti orðið allt að 35 ha að stærð en er í dag um 24 ha.

Áætluð efnispörf fyrir stækkun Straumsvíkurhafnar er talin vera um 180.000 m³ sem ráðgert er að sækja í Rauðmelsnámu, sunnan Reykjanesbrautar. Ekki kemur skýrt fram í greinargerð hvort sú efnispörf sé fyrir alla fjóra áfangana eða eingöngu þann fyrsta. Efnistaka í Rauðmelsnámu mun raska sérstæðum rishólum og hraunbollum í hrauninu sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga. Náman mun breyta ásynð svæðisins og verða mun sýnilegri en nú er. Þá er hætta á að efnistaka í námunni haldi áfram eftir að framkvæmdum við Straumsvíkurhöfn er lokið. Ekki er fjallað um nauðsynlegar endurbætur á gamla Keflavíkurveginum að Rauðamelsnámunni (nefndur Barböruvegur í deiliskipulaginu), en



vegurinn er þröngur og ekki líklegur til að þola mikla þungaflutninga eins og ráðgert er. Opnun og stækkun Rauðmelsnámu vegna framkvæmda við Straumsvíkurhöfn og mögulega umfangsmiklar endurbætur á námuvegi, koma til með að breyta ásýnd svæðisins og raska náttúruminum, ásamt því að rýra verndar- og útivistargildi svæðisins.

Vestasti hluti skipulagssvæðisins skarast við svæði sem er á náttúruminjaskrá, Straumsvík, sem hefur að hluta til orðið fyrir óafturkræfu raski. Náttúruminjasvæðið Straumsvík og Almenningsbráttur sunnan Reykjanesbrautar, eru einstaklega fjölbreytt svæði, bæði vegna náttúruminja og menningarminja, og þangað sækir fólk til útivistar. Mikilvægt er að setja útivistarsvæði sem einn umhverfisþátt í greinargerð Aðalskipulagsbreytinga og gera grein fyrir áhrifum á það.

Mikið rask hefur nú þegar verið á nútímahraunum í landi Hafnarfjarðarbæjar vegna margvíslegrar uppbyggingar og framkvæmda. Náttúrufræðistofnun hvetur Hafnarfjarðarbæ til að hlífa náttúruminjasvæðinu Straumsvík og svæðinu sunnan Reykjanesbrautar, vestan Kapelluhrauns, við frekara raski og vernda merkar náttúru- og menningarminjar svæðisins.

Virðingarfyllt,



Lovisa Ásbjörnsdóttir
jarðfræðingur á sviði Náttúruverndar

